



Ársskýrsla 2011

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Ársskýrsla 2011

Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína á vordögum 2010 og hófu fyrstu nemar nám sitt við skólann haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á fyrsta heila starfsárinu, 2011. Fjallað er um skólastarfið og tölulegar upplýsingar eru skoðaðar.

Áherslur skólans - leiðarljós

- Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður haustið 2010 og er skólinn í stöðugri mótun. Sum þeirra markmiða er við höfum sett okkur þarf að endurskoða í ljósi þeirra reynslu sem skapast. Meginmarkmið tengjast námskrá framhaldsskóla en auk þess sérkennum skólans sem felast í einkunnarorðum hans: Frumkvæði – Sköpun – Áræði.

Frumkvæði

Nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, komi með hugmyndir að viðfangsefnum og útfæri þau:

- nemendur skilgreini stærri viðfangsefni, útfæri þau og leysi í samstarfi við skólann.
- starfsmenn komi með hugmyndir að uppbyggingu skólans og útfæri þær.

Sköpun

Nemendur og starfsmenn séu skapandi í starfi sínu sem felst í því að

- skapa list sem sýnd er í skólanum og samfélaginu
- hafa áhrif á nærumhverfi skólans innan og utan á skapandi hátt
- sýna sköpun í viðfangsefnum sínum í skólanum sem sagt er frá á heimasíðu eða í fréttamiðlum.

Áræði

Nemendur og starfsmenn sýni áræði með því að ganga ekki bara troðnar slóðir heldur útfæri verk á annan hátt en hefðbundið er sem felst í því að

- leysa verkefni tengd samfélaginu eða í samstarfi við aðila utan skólans

- leysa viðfangsefni sem reyna á samskipti við aðila utan skólans til upplýsingaöflunar eða miðlunar.

Skólanum eru brottfallsmál hugleikin en þar sem skólinn tók til starfa haustið 2010 á svæði sem ekki hefur áður haft framhaldsskóla teljum við að það þurfi að líða um tvö ár þar til hægt er að setja fram með mælanlegum eða metanlegum verkfærum hvernig gengur. En til að ná markmiðum sínum hefur skólinn samþætt námstækni við námsgreinar í stað þess að bjóða upp á hægferðir. Á sama hátt er skólinn sérstaklega að velta fyrir sér nemendum með lestrarörðugleika en telur að áður en hægt sé að beita mælistikum á verkefnið þurfi að líða dálítill tími. Á meðan verður tölulegum gögnum safnað sbr. sjálfsmatsáætlun og í framhaldinu þróuð markmið og mat á árangri.

Sérstaða Menntaskólans á Tröllaskaga

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Skólinn starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla og *Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011* sem gefur aukið svigrúm í námsvali til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs. Námið er metið til framhaldsskólaeininga s.k. f-eininga og þarf nemandi að ljúka 200 f-einingum til stúdentsprófs. Fyrirkomulag námsins gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.

- Allir nemendur skólans eru með eigin fartölvur sem tengdar eru neti skólans.
- Skólinn notar opinn hugbúnað í starfi sínu.
- Haldið er utan um allt námsefni og kennslu í kennslukerfinu Moodle.
- Í skólanum er viðhaft símat og því engir formlegir prófadagar.
- Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og fá nemendur reglulega endurgjöf á verkefni sín og frammistöðu.
- Miðannarvika, skólastarfið er brotið upp eina viku um miðja önn og þá kenndir aðrir stuttir áfangar en nemendur eru í þá önnina.
- Nýsköpunaráfangi, Tröllaskagi
- Allir nemendur taka einn áfanga í listum.

Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Allt námsefni utan kennslubóka er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með

aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og símats.

Um miðja önn er skólastarfið brotið upp og nemendur fara í styttri áfanga í ýmsum greinum. Þar eru áfangar í íþróttum og útivist, listum og bóklegir áfangar. Markmiðið er meðal annars að vekja áhuga nemenda á öðru en því sem þeir eru hefðbundið að gera en markmiðið er einnig að mynda samstarf við aðra skóla. Þannig hafa miðannarvikur verið stilltar saman við Framhaldsskóla Austur Skaftafellssýslu og Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra. Er þá miðað við að nemendur geti farið milli þessara skóla þá vikuna. Á haustönn 2011 fóru nemendur MTR til dæmis í Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Sauðárkróki í framhaldsskólanum með teikningar af hlutum sem þeir höfðu hannað og smíðuðu í þrívíddarprentara sem þar er.

Tröllaskagi er nýsköpunaráfangi fyrir alla nemendur þar sem þeir skoða fyrrihluta annar ýmislegt á svæðinu sem frumkvöðlar hafa byggt upp. Frumkvöðlarnir koma í skólann, sýna sitt og segja frá, í miðannarviku gefst nemendum kostur á að heimsækja þá og vinna saman í hópum að skilgreiningu og uppbyggingu eigin fyrirtækis. Síðari hluta annar vinna þeir síðan áfram að hugmyndinni og sýna á sýningu í annarlok.

Allir nemendur taka einn listaáfangi þar sem þeir læra myndlist, tónlist og listljósmyndun. Sá áfangi kallast inngangur að listum.

Inngangur að listum og Tröllaskagi eru áfangar sem eru sérstaklega settir upp til að örva frumkvæði og sköpun nemenda í víðu samhengi.

Nemendur og starfsfólk

Kennsla á vorönn 2011 hófst 4. janúar og voru 79 nemendur skráðir í skólann. Tveir nemendur útskrifuðust í maí en 28 (35%) skiluðu sér ekki aftur til náms á haustönn 2011. Þar af er vitað um 14 (18%) sem fóru til náms í öðrum skólum. Sex voru hættir námi áður en önninni lauk. Skipting milli kynja var 43 kvk. og 36 kk. Á haustönn 2011 hófst kennsla 22. ágúst og var 91 nemandi skráður í skólann. Skipting milli kynja var 45 kk. og 46 kvk. Einn nemandi útskrifaðist í desember 2011.

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri í 50% starfi
- fjármálastjóri í 25% starfi
- námsráðgjafi/brautarstjóri starfsbrautar í 50% starfi (frá hausti 2011)

- umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- starfsmaður sem sér um skrifstofu, bókasafn og þrif í 100% starfi
- stuðningsfulltrúi í 50% starfi (frá hausti 2011)
- Kennarar skólans á vorönn 2011 voru 7, þar af aðeins einn í 100% starfi (aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, ásamt námsráðgjafa stunduðu jafnframt kennslu og fylltu þar með 100% starf). Heildarstöðugildi kennara á vorönn 2011 voru 4,75. Á haustönn 2011 fjölgaði kennurum og voru þeir 11, í 7,41 stöðugildi Auk þess bættist við stuðningsfulltrúi við starfsbraut. Til viðbótar er samningur við Tónskóla Fjallabyggðar um 25% starf við tónlistarkennslu, hljóðupptöku og hljómsveit. Allir kennarar eru með réttindi sem framhaldsskólakennarar.

Námsframboð

Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir virkar og í boði samkvæmt nýrri námskrá;

- Félags- og hugvísindabraut
- Íprótta- og útivistarbraut
 - ípróttasvið
 - útivistarsvið
- Listabraut
 - myndlistarsvið
 - listljósmyndunarsvið
 - tónlistarsvið (í samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar)
- Náttúruvísindabraut
- Starfsbraut

Að auki er í vinnslu og undirbúningi kennsla á fisktæknibraut í samstarfi við Dalvíkurbyggð, fyrirtæki og SÍMEY. Einnig hefur verið sótt um kennslu á námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum í samstarfi við FAS, ME og FSN. Er gert ráð fyrir að þessar brautir falli að núverandi skipulagi skólans og þótt fjölbreytni aukist fjölgi ekki námsgreinum að ráði.

Sérstök verkefni skólans

Verkefnið um úrgangslit sem var í fyrravetur gekk vonum frammar og héldu nemendur tvisvar sinnum sýningar á verkum sínum ásamt því að þekking og reynsla var nýtt í námi

nemenda almennt. Verkefnið leiddi til þess að hér eftir verður nám í úrgangslist í boði á listabraut.

Skólinn fékk tvo þróunarstyrki fyrir skólaárið 2011-2012 en það eru:

Útivist og náttúra

Samstarf: Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV og Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu FAS). Markmið og skipulag verkefnisins er að byggja upp innihaldsríka og áhugaverða námsbraut sem markmiðið er að nemendur:

- afli sér grunnþekkingar til að stunda útivist og takast á við raunverulegar aðstæður í náttúrunni
- læri að þekkja mikilvægi sjálfbærni í samskiptum sínum við umhverfið og náttúruna
- kynnist náttúru landsins á ólíkum svæðum með ólík viðfangsefni
- spreyti sig á undirbúningi, framkvæmd og endurmati á eigin ferð um náttúruna að vetrarlagi

Markmið skólanna þriggja er að:

- þróa kennsluaðferðir og námsmat sem byggist á námi úti í náttúrunni
- auka fjölbreytni í námsframboði skólanna
- móti námsbraut sem eflir þekkingu nemenda á náttúru Íslands og útivist

Verið er að vinna í samstarfi við björgunarsveitirnar í þessu verkefni en varaformaður Landsbjargar starfar við skólann og kemur að verkefninu.

Þróun sjálfsmats- eða gæðakerfis

Markmið verkefnisins er að þróa sjálfsmatstæki sem

- nýtist vel við að túlka stefnu yfir í framkvæmanleg og mælanleg lykilmarkmið
- er stjórnæki og gefur stjórnendum mikilvægar vísbendingar um þróun mála sem þeir geta kannað betur ef ástæða er til og síðan byggt ákvarðanir sínar á
- er verkfæri í árangursstjórnun til að hrinda markaðri stefnu í framkvæmd
- er samskiptatæki sem miðlar stefnu stjórnenda til allra starfsmanna

- eflir liðsheild starfsmanna því allir vita að hverju ber að stefna
- stuðlar að stefnumótandi samræðum meðal stjórnenda og starfsmanna
- er mælitæki sem mælir framgang stefnunnar með viðeigandi og markvissum árangursmælingum
- er aðgerðadrifið tæki sem eykur líkur á að menn sjái fyrir tækifæri og ógnanir í rekstri. Þannig má grípa til aðgerða, sé þess þörf, sem tryggja að ná megi fram þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið
- stuðlar að því að kennsl séu borin á góð vinnubrögð og þau fest í sessi
- vekur athygli á þáttum sem þarfnast úrbóta þannig að þá megi færa til betri vegar.

Auk þess er skólinn þátttakandi í mótun námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði ásamt FAS, FSN og ME eins og áður hefur verið komið að..

Þróunarverkefni

Menntaskólinn á Tröllaskaga er nýr skóli og því þróunarverkefni fyrstu árin en er ekki skilgreindur sem slíkur. Allir hlutir eru nýir og í stöðugri skoðun sem og öll ferli. Mikil vinna fer í mótun nýrra áfanga í samræmi við kröfur aðalnámskrár framhaldsskóla.

Sjálfsmatsáætlun

Í samræmi við 6. grein skólasamnings fyrir tímabilið 2011-12 hefur Menntaskólinn á Tröllaskaga sett fram áætlun fyrir sjálfsmat til þriggja ára. Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur þróunarstarfs. Sjálfsmatinu er ætlað að ná til allra stjórnunarháttá og samskipta innan skólans.

Menntaskólinn á Tröllaskaga er nýr framhaldsskóli í mótun sem starfar í samræmi við ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Því er lögð áhersla á reglulega endurskoðun á námsframboði og þróun matsaðferða sem notaðar verða í sjálfsmati skólans. Þættir í starfi skólans sem sjálfsmatið tekur til eru meðal annars mat á kennslu út frá sjónarhorni nemenda, kennara og stjórnenda, mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorfi þeirra til aðstöðu og starfsumhverfis.

Matsaðferðir

- Kennslukönnun sem er meginndleg könnun meðal nemenda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á kennsluefni, námsmatsaðferðir, viðmót kennara og fleira.
- Viðhorfskönnun sem er meginndleg könnun meðal nemenda og starfsfólks skólans sem fjallar um ýmsa þætti í starfsemi skólans, líðan, aðbúnað og fleira.
- Könnun á starfsumhverfi og stjórnunarháttum sem er meginndleg könnun meðal starfsfólks.
- Matslíkan fyrir kennara til að meta eigið starf.
- Matslíkan fyrir stjórnendur til að meta starf kennara.
- Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, útskrift, skólasókn og fleira.
- Starfsmannaviðtöl.
- Aðrar þær aðferðir sem endurskoðun á sjálfsmatsaðferðum kann að leiða í ljós á tímabilinu.

Eins og áður hefur komið fram er unnið að þróun sjálfsmatskerfis fyrir skólann þar sem hugmyndir eru sóttar í stefnumiðað árangursmat. Verkefninu er stýrt af aðstoðarskólameistara sem hefur tvo kennara sér til aðstoðar.

Á vorönn 2011 voru lagðar fyrir kennslukannanir í öllum námsgreinum. Hver og einn kennari fékk niðurstöður úr sínum áföngum. Á haustönn voru lagðar fyrir kennslukannanir í íþróttum, listum og raungreinum. Þá voru einnig lagðar fyrir viðhorfskannanir meðal nemenda og kennara sem vörðuðu viðhorf og líðan. Hver kennari fékk niðurstöður úr sínum námsgreinum og heildarniðurstöður voru kynntar á kennarafundi. Kannanirnar voru framkvæmdar rafrænt en enn sem komið er hefur ekki tekist að fá næglega góða svörun og er það vandi sem leysa verður og unnið er að.

Stefnumótun

Skólinn er ungur og því fer stefnumótun fram í öllum verkum smáum sem stórum. Verið er að vinna að stefnulýsingu eftir því sem tími gefst til. Nú þegar hafa verið birt skjöl með eftirtöldum áætlunum og stefnum sem unnið er eftir:

- Áföll, viðbragðsáætlun
- Áfangalýsingar áfanga sem byrjað er að kenna
- Brautalýsingar

- Eineltismál, viðbragðsferli
- Fjarvistir
- Forvarnarstefna
- Jafnréttisstefna
- Náms- og starfsráðgjöf
- Samstarf við aðra framhaldsskóla
- Sjálfsmatsáætlun

Unnið er að áætlunum og stefnum í eftirfarandi málaflokkum:

- Áfangalýsingum nýrra áfanga
- Erlend samskipti
- Foreldrasamstarf
- Kennslufræðileg stefna
- Lýðheilsustefna
- Mannréttindastefnu
- Námsmat, aðferðir og eftirfylgni
- Námsval
- Samfélagsstefna
- Samstarf við aðra framhaldsskóla
- Sjálfbærni
- Starfsmannastefnu
- Umhverfisstefnu
- Upplýsingatækni í skólastarfi
- Verkferlar
- Vinnuverndarstefnu
- Vímuefni, viðbragðsáætlun
- Öryggisáætlun

Um leið og stefnurnar verða til eru gerðar mælistikur til að fylgjast með og fylgja stefnunni eftir.

Foreldraráð Menntaskólans á Tröllaskaga

Í janúar 2011 var foreldraráð Menntaskólans á Tröllaskaga stofnað formlega. Á aðalfundi í september 2011 var núverandi stjórn kjörin. Í henni sitja Sigríður Karlsdóttir, Sóley

Reynisdóttir, Kristín Bogadóttir, Björg Traustadóttir og Guðný Róbertsdóttir.

Rekstraráætlun

Rekstraráætlun skólans fyrir 2012 má finna í fylgiskjali. Samningur um launamál vegna skipulags skólans gildir þó einungis fram í apríl.

Erfitt er að gera raunhæfar rekstraráætlanir þar sem oft á tíðum hefur reynst mjög erfitt að fá upplýsingar frá ráðuneyti um fjárframlög til einstakra verkefna utan fjárlaga. Til dæmis þurfti að skipuleggja rekstur starfsbrautar í tvær annir án þess að hægt væri að fá upplýsingar um fjárveitingar til brautarinnar. Ekki hefur verið hægt að fá sundurliðaðar upplýsingar um auka fjárframlög og bréfum til upplýsinga- og fjármálsviðs er svarað seint eða ekki.

Rekstur skólans stendur vel en okkur hefði miðað betur áfram við stefnumótunarvinnu og uppbyggingu ef við hefðum skýrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu skólans. Vegna þessa var skilað fé frá síðasta rekstrarári sem hefði nýst vel til vinnu í skólanum ef upplýsingar hefðu verið fyrir hendi um þessa fjármuni.

Námsörðugleikar

Skólinn starfar eftir nýrri námskrá og byrjunaráfangar á fyrsta þrepi í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði sem kenndir hafa verið í eldri námsskrá, eru taldir að miklu leyti endurtekning á því sem kennt er í grunnskóla. Allflestir nemendur ráða við þetta en nokkrir nemendur hafa ekki náð að ljúka grunnskóla í einhverjum greinum en þeir eru svo fáir að ekki er talin forsenda til að búa til sérstaka námshópa eða nám fyrir þá sem hafa sértæka námserfiðleika.

Nú er hver 5 eininga áfangi með 3 kennslustundir í stofu og einn verkefnatíma. Stíðir nemendur fá þar aukna aðstoð. Við lok 2011 (eftir tvær skólabyrjanir) var ljóst að nauðsynlegt var að setja 6 nemendur í sérstakan stærðfræðiundirbúning og var sá áfangi settur í boð vorið 2012. Við reiknum með að haustið 2012 verði sambærilegur áfangi í íslensku en boðið verður upp á undirbúningsáfanga eftir þörfum.

Símenntun

Vegna uppbyggingar skólans er símenntun ríkur þáttur í starfinu. Haldið var námskeið

vorið 2011 og haustið 2011 fyrir kennara og sérstakur stuðningur við nýja kennara. Því miður komu nýútskrifaðir kennarar frá Háskólanum á Akureyri illa undirbúnir undir að kenna samkvæmt nýrri námskrá og þurfti að fást við það sérstaklega. En námskeiðin fjölluðu annars um kennsluaðferðir, kennslukerfi og skipulag skólstarfsins. Auk þess hafa starfsmenn sótt skráninganámskeið Gegnis, stundatöflunámskeið, eTwinning námskeið fyrir skólastjórnendur í Berlín, námskeið fyrir skólastjórnendur á vegum FÍF og Endurmenntunar HÍ, námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og ráðstefnu um skólaþróun ásamt Bett í London um upplýsingatækni. Kennarar höfðu sérstakan leiðsegjanda um notkun kennslukerfis (Moodle) í starfi sínu sem aðstoðaði þá við notkun þess.

Skólstarfið er lifandi og sýnbreytilegt nú í upphafi og því er leitast við að fremsta megni að gera starfsmönnum kleift að sækja sér aukna menntun en fáir starfa við skólann og því hvílir mikið á starfsmönnum og mikið þróunarstarf í gangi.

Húsnæði

Mjög er farið að þrengja að nemendum í skólahúsnæðinu sem er 833,1 m² en haustið 2012 verður tekið í notkun viðbótarhúsnæði og verður húsrýmið þá alls 1198,3 m². Mjög þröngt er um nemendur við lok árs og þeir hafa hvorki lengur rými fyrir félagsaðstöðu né nægilega stórt lesrými. Ekki er hægt að kenna raungreinar svo vel sé og þrengsli í listastofu fyrir nemendur á listabraut sem eru um 20% nemenda mjög mikil.

Þó húsnæðið allt verði tekið í notkun má gera ráð fyrir að húsnæðið muni þrengja að, það vantar mötuneytisaðstöðu, sal til að hitta alla nemendur og fleira. Það er þó gert ráð fyrir í núverandi áætlunum að viðbótin dugi til ársins 2014, þetta fer þó eftir því hversu margir nemendur sækjast eftir skólavist.

Lokaorð

Skólinn byggist upp jafnt og þétt og með öflugum starfsfólki hefur starfið gengið mjög vel. Vel miðar áfram við þau verkefni sem snúa að því að búa til framhaldsskóla með því svigrúmi sem ný lög og ný námskrá veita. Lögð hefur verið áhersla á að mynda samstarf við aðra framhaldsskóla til að gefa fleiri möguleika og styrkja skólann. Við gerum ráð fyrir að vera að þróa uppbyggingu út árið 2013 eða til vors 2014. Því geta orðið breytingar á þessum tíma sem byggja á reynslu okkar þangað til.

02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga

Rekstraráætlun 2011

Helstu liðir	Spá um 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2010	Mism. kr	Mism %
08 Aðrar rekstrartekjur	-673.728	-1.387.880	-400000	273.728	-40,63%
08 Markaðar tekjur	0	0	0	0	
08 Sértekjur	0	0	0	0	
Tekjur alls	-673.728	-1.387.880	-400.000	273.728	-19,72%
01 Laun	22.601.030	51.328.286	33.520.096	10.919.066	48,31%
02 Ferðir og fundir	616.741	1.704.583		-616.741	-100,00%
03 Rekstrarvörur	729.398	2.308.433		-729.398	-100,00%
04 Aðkeypt þjónusta	2.146.824	4.491.642	7.218.513	5.071.689	236,24%
05 Húsnæði	4.588.276	12.069.329		-4.588.276	-100,00%
06 Bifreiðar og vélar	2.936	7.258		-2.936	-100,00%
07 Rekstrarkostnaður	8.416.233	9.245.927	2.500.000	-5.916.233	-70,30%
Rekstrarkostnaður	39.101.438	81.155.458	43.238.609	4.137.171	10,58%
Mismunur	38.427.710	79.767.578	42.838.609	4.410.899	5,53%
Tala til afstemmingar	38.427.710	79.767.578			
Til ráðstöfunar					
skv. fjárlögum	62.600.000	77.100.000			
frá fyrra ári	0	3.932.290			
VMA v/ fjarnámsvers	-20.240.000	0			
Fjárheimildir alls	42.360.000	81.032.290			

Rekstrarafkoma ársins 3.932.290 1.264.713 1,6%
Afgangur Afgangur

